

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 1,1 ha. Breytingin er gerð til að heimila veitingasölu, tjaldsvæði og gistingu. Heimilt er að breyta núverandi húsum í samræmi við aðalskipulag en krafa er gerð um deiliskipulag ef auka á byggingamagn á lóðinni.

Staðhættir og aðkoma

Hnappavellir 1 er lögbýli með fastri búsetu á býlinu en fyrirhugað er að stofna 1,1 ha lóð sem skipt verður út úr jörðinni. Á lóðinni er fjárhús og hlaða sem breyta á fyrir ferðþjónustu. Allt svæðið er ræktað land. Aðkoma frá þjóðvegi nr. 1 er um Hnappavallarveg nr. 9862. Endurskoða skal vegtengingar á svæðinu m.t.t. umferðaröryggis, í samráði við Vegagerðina og landeigendur.

Minjar

Skráning fornminja á svæðinu hefur ekki farið fram en vitað er um að fornleifar séu á svæðinu. Þar sem engar nýbyggingar eða rask á jarðvegi er fyrirhugað er ekki talin þörf á fornleifaskoðun.

Hættumat

Taka skal mið af vindhviðum sem á svæðinu geta orðið og huga að skjólmyndun.

Veitur

Frárennsliskerfi skal hanna skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 auk reglugerðar nr. 799/1999 og skal gætt að því að mengun verði í lágmarki. Horft skal til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Gerð er krafa um fituskilju á fráveitu veitingastaða skv. samþykkt um fráveitu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 669/2016.

Neysluvatn skal uppfylla gildandi reglur um magn og gæði skv. reglugerð nr. 536/2001 og skal fengið úr viðurkenndu vatnsbóli innan lóðar.

Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti Öraefi. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta og tákn fyrir vatnsból.

Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang
VP 46	Hnappavellir 1 Mói. Úr landi Hnappavalla 1. Ferðþjónusta, tjaldsvæði fyrir 40 gesti, gistingu fyrir 40 gesti og greiðasala. Hringtákn ~ 1,1ha.

Á blaðsíðu 70 í gildandi aðalskipulagi er bætt við eftirfarandi línu í töflu í kafla 35


VB-nr.	Svæði
VB 6	Vatnsból/borhola við Hnappavelli með 5 metra vatnsverdarsvæði.

Umhverfisskýrsla


VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – ÓBREYTT ÁSTAND	VALINN KOSTUR – VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
Jarðmyndanir og náttúruminjasvæði	Óveruleg áhrif – engar frekari framkvæmdir	Óveruleg áhrif – Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og þar er ekki sérstök vernd náttúruyrirbæra.
Gróður og dýralíf	Óveruleg áhrif – Svæðið verður áfram notað til ræktunar.	Óveruleg áhrif - Svæðið er allt ræktað land og breytingin er afturkræf.
Ásýnd og landslag	Óveruleg áhrif – núverandi byggingar verða áfram notaðar til landbúnaðar.	Óveruleg áhrif – Engar nýjar byggingar eru fyrirhugaðar en munu núverandi mannvirki taka á sig breytta mynd.
Samfélag	Óveruleg áhrif – störf á svæðinu verða áfram að mestu tengd landbúnaði.	Jákvæð áhrif – Með framkvæmdinni er aukið ferðþjónustu sem styrkir byggð, eykur tekjur og skapar fjölbreytt störf beint og afleidd.
Heilsa og öryggi	Óveruleg áhrif – umsvif umferðar verður að mestu óbreytt.	Óveruleg áhrif – Aukin umferð verður um afleggjarann að Hnappavöllum en þar er góð vegsýn. Engin aukin umferð verður framhjá íbúðarhúsum.

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

	Stofnvegir		Verslun og þjónusta [VP]
	Tengivegir		Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
	Aðrir vegir		Landbúnaðarsvæði [L]
	Hjólreiða, göngu- og reiðstígar		Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
	Rafveita		Óbyggð svæði [OB]
	Fjarskipti		Vötn, ár og sjór [V]
	Ljósleiðari		Vatnsból [VE]
	Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista		Önnur náttúruvernd [ON]
	Minjarvernd [MV]		Náttúruvú [NV]

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2021

Bæjarstjórn:
þann _____ 2021

Tillagan var auglýst frá _____ 2021

með athugasemdafresti til _____ 2021

(undirskrift)



Aðalskipulag Hnappavellir í Öraefum

Skipulagsteikning dgn 2529-020	Malkvarði 1:50.000	Blaðstærð A3	Teknað AB
Úmið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður	Dagur 16.12.2020	Bynt ÁJ	V01

